

16. Þing Skautasambands Íslands ÍSS

Sunnudaginn 6. Maí 2012 kl 13:00

Fundarsalur E ÍSÍ húsinu við Engjaveg 6, Reykjavík

1. Þingsetning

June Eva Clark, formaður ÍSS opnar þingið.

2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd

June leggur til að kjörbréfanefnd skipi; Heba Finnsdóttir frá SA, Kr. Linda Kristinsdóttir frá SR og Ásdís Sturlaugsdóttir frá SB. June leggur jafnframt til að taka stutta kaffipásu á meðan kjörbréfanefnd starfar. Samþykkt.

3. Kosinn þingforseti

June leggur til að Sigríður Jónsdóttir í framkvæmdastjórn ÍSÍ taki að sér starfið. Samþykkt. Sigríður talar um hve mikil framför hafi orðið í íþróttinni. Hún hafi haft tækifæri til að fylgjast með henni í gegn um tíðina, ekki einungis sem þingforseti á skautaþingum heldur einnig sem áhugamaður og fylgst með henni í sjónvarpi og man eftir útsvellingu í Laugardalum. Segir ljóst að miklu grettistaki hafi verið lyft.

4. Kosning þingritara

Lagt er til að Þóra Gunnarsdóttir ritari ÍSS verði þingritari. Samþykkt.

Hlé meðan kjörbréfanefnd starfar.

Fundi haldið áfram og þingforseti biður kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum sínum. Ásdís Sturlaugsdóttir í forsvari fyrir kjörbréfanefnd tilkynnir að kjörbréf hafi verið samþykkt. Kjörbréf eru tvö, eitt frá ÍBA og eitt frá ÍBR. Handhafar kjörbréfa eru:

ÍBR- Aðalheiður Gísladóttir
Ásdís Sturlaugsdóttir
Bjarnveig Guðjónsdóttir
Erla Aðalsteinsdóttir
Erlendína Kristjánsson
Helgi Már
Inga Rós Skúladóttir
Kristrún Elfa Jónsdóttir
Kr. Linda Kristinsdóttir
Kristjana Daniélsdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Perla M. Hauksdóttir

Varamaður- Magnús R. Jónsson

ÍBA- Heba Finnsdóttir
Helga Margrét Guðjónsdóttir
Inga Randversdóttir

Rut Hermannsdóttir
Varamaður- Helga Margét Clarke

-Sigríður Jónsdóttir þingforseti tekur fram að handhafi eins kjörbréfsins sé ekki kominn í hús en reynt sé að ná í varamann fyrir hann mæti hann ekki innan tíðar.

Einhverjar umræður spruttu um eftir hverju væri farið við útreikning fjölda kjörbréfa. Björgvin I. Ormarsson benti á að þetta væri óskýrt í lögum. Hvort ekki ætti að fara eftir Iðkendagjaldi ÍSS. Þingforseti benti á að opinberar tölur um iðkenda fjölda er haldið utan um í Felix kerfi ÍSÍ. June Eva Clark benti einnig á Reglugerð ÍSS um Iðkendagjald og að ef misræmi sé milli Felix og Iðkendagjalds þá sé slíkt leiðrétt skv. reglugerðinni. Kjörbréf eru samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar

June Eva Clark les skýrslu stjórnar.

-Sigríður Jónsdóttir þingforseti tekur til máls og óskar eftir athugasemdum um hvort löglega hefur verið boðað til þingsins. Telur hún svo vera og koma engar athugasemdir.

-Þingforseti áréttar einnig að fleiri sitji þing heldur en handhafar kjörbréfa og minnir á að fleiri hafa málfrelsis og tillögurétt en einungis þeir sem eru handhafar kjörbréfa.

6. Endurskoðaðir reikningar Sambandsins

Sigríður Matthildur Gudjohnsen, gjaldkeri ÍSS kynnur ársreikninga fyrir s.l. tvö ár, 2010 og 2011.

7. Umræður og samþykktir reikningar.

Margrét Ólafsdóttir spyr gjaldkera ÍSS um lið er fjallar um tap. Gjaldkeri svarar að þátttaka í sumarþingi ÍSS sumarið 2011 og námskeið með Anne Shelter hafi valdið vonbrigðum. Auk þess hafi bæst við kostnað Sambandsins aukning á ferðum erlendis með landsliði á mót og Sambandið hafi verið að greiða fyrir þjálfara og farastjóra sem áður hafi verið greitt af félögunum. Iðkendagjald og Aðildargjald hafi t.d. átt að dekkja kostnað vegna þessa.

Umræðum lokið

Reikningar ársins 2010 samþykktir

Reikningar ársins 2011 samþykktir

8. Ávarp gesta

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, í framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur til máls. Hún flytur kveðju frá Ólafi Rafni framkvæmdastjóra ÍSÍ sem er erlendis. ÍSÍ er 100 ára á þessu ári og var þeim tímamótum fagnað í Ráðhúsi Reykjavíkur, sem stendur á gamalli lóð Báraubúðar sem var íþróttahús Reykavíkinga. Gefin var út bók um sögu ÍSÍ í tilefni afmælisins og einnig frímerki. Hún tíundar ýmsa viðburði á vegum ÍSÍ á árinu og vonast eftir að sérsamböndin nýti sér viðburðinn inni í sínu starfi. Í sumar verða Ólympíuleikar í London og íslenskir keppendur verða á þeim leikum. Hún hafi verið á Ólympíuleikunum í Vancouver árið 2010 og farið á keppni í listhlaupi og vonast til að sjá íslenska fánann blakta á Ólympíuleikum í Listhlaupi einhvern tíman. Hún vísar máli að stefnu Menntamálaráðuneytisins í mennta og íþróttamálum og að í henni sé

sérstaklega talað um styrki til sérsambanda á ferðir erlendis með landsliðum. Vonast eftir að þetta verði meira en orð á blaði. Óskar fundargestum alls hins besta í störfum á þinginu og fyrir börnin og unglíngana og finnst gaman að sjá íþróttina vaxa og dafna. Að lokum kynnir hún að ÍSÍ hafi ákveðið að veita June Evu Clark, formanni ÍSS, gullmerki ÍSÍ fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttarinnar.

-Þingforseti þakkar Helgu Steinunni fyrir.

9. Fjárhagsáætlun 2012 lögð fyrir.

Sigríður Matthildur, gjaldkeri ÍSS, kynnir áætlunina. Hún nefnir að það vanti að safna fé til Norðurlandamóts 2013 sem haldið verður á Íslandi. Ekki er stefnt á að ÍSS haldi sumarbúðir en henni finnst styttri námskeið viðráðanlegri. Breyting á þessu mun laga aðeins stöðuna. Hún talar einnig um að Sambandið hafi tekið á sig aukakostnað vegna ferða á mót með landsliði en á móti komi að Finnlandsverkefnið hafi verið lagt niður. NM 2013 verði kostnaðasamt en einnig þurfi að endurnýja dómakerfið. Gjaldkeri lýkur máli sínu. Þingforseti leggur til að áætlunin verði lögð til umræðu í fjárhagsnefnd.

10. Kosning þingnefnda

-Fjárhagsnefnd

formaður hennar verði Kristín Þöll Þórsdóttir

-Laganefnd

formaður hennar verði Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir

-Allsherjarnefnd

hefur ekkert verkefni og verður ekki sett upp

11. Lagabreytingatillögur

Þingforseti getur að tillögur um breytingar á lögum verði að berast fyrir tilskilinn tíma skv. 6. grein laga ÍSS. Nokkar smávægilegar breytingar bárust frá stjórn ÍSS en auk þess þarf að gera breytingu á 7. grein laga ÍSS um þingfulltrúa. Þingforseti biður um leyfi þings til að taka megi tillögu um breytingu á 7. grein fyrir þingið. Samþykkt.

Björgvin I Ormarsson biður um að tekið verði til umfjöllunar í 7. grein eftir hvaða skráningu fulltrúafjöldinn fer.

June gerir grein fyrir lagabreytingatillögum. Hún nefnir að búið sé að leggja tillögurnar fyrir ÍSÍ og hafið þær verið lagaðar að ábendingum þeirra.

Breytingatillaga að 9. grein

Aukaþing

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boða skal til aukaðings með minnst 14 daga fyrirvara.

Á aukaðingi má ekki gera lagabreytingar né kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér

eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt skautaþing.

Á aukaðingi skulu íþróttabandalög/héraðssambönd hafa sama fulltrúafjölda og þau höfðu á síðasta skautaðingi sem haldið var.

Breytingatillaga að 11. grein

Ábyrgð stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sambandsins. Starfstími stjórnar hefst að loknu skautaðingi. Stjórnin hefur heimild til að kalla til sérhvern félag til aðstoðar um starfsemi sambandsins.

Stjórnin hefur heimild til að ráða launaða starfsmenn og gera við þá ráðningarsamninga.

Formaður ÍSS boðar fundi og stjórnar þeim. Stjórnin skal skipuleggja og stýra starfi sambandsins á milli skautaðinga og fer hún með framkvæmda og ákvörðunarvald sambandsins.

Stjórn er ákvörðunarhæf þegar formaður ásamt tveimur stjórnarmönnum eru viðstaddir.

Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Breytingatillaga að 14. grein

Formannafundir

Stjórn ÍSS skal í upphafi keppnistímabils, þau ár sem ekki eru haldin skautaðing, boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem eiga aðild að sambandinu.

Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara.

Leggja skal fram bráðabirgðaráætlun komandi tímabils starfandi stjórnar ásamt yfirliti yfir það sem liðið er af starfstímanum.

Hlutverk formannafunda er að staðfesta leikreglur, reglugerðir og vera stjórn ÍSS á annan hátt til ráðgjafar.

Breytingatillaga að 7. grein

Fulltrúar á skautþingi

Hér þarf að bæta við ákvæði um að stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags eigi einn fulltrúa.

-Þingforseti vill merkja
fjárhagsáætlun sem þingskjal nr. 1
lagabreytingatillögu að 9. grein sem þingskjal nr. 2
lagabreytingatillögu að 11. grein sem þingskjal nr. 3
lagabreytingatillögu að 14. grein sem þingskjal nr. 4
og lagabreytingatillögu að 7. grein sem þingskjal nr. 5

12. Aðrar tillögur kynntar í fundarboði

ekki voru aðrar tillögur kynntar í fundarboði.

13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið með leyfi þingmeirihluta.

Lagabreytingatillaga á 7. grein laga ÍSS fellur undir þennan lið. Áður samþykkt

14. Nefndir starfa

Hlé gert vegna nefndarstarfa í hálf tíma.

-Þingforseti tilkynnir að handhafi kjörbréfs sem ekki var við upphaf fundar sé kominn í hús.

15. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.

-Þingforseti biður nefndarformenn að gera grein fyrir starfi nefndanna.

Fjárhagsnefnd

Kristín Þöll segir að ábending hafi komið vegna kostnaðar við keppni erlendis og í hana vanti áætlun vegna kostnaðar á NM 2012.

Ábending kom um að kostnaðarliður vegna verðlaunapeninga vanti inn.
Sigríður Matthildur svarar að honum hafi verið bætt við kostnað vegna móta.

Sigríður Matthildur talar um að kostnaður ÍSS vegna erlendra móta sé hár og gott væri að ný stjórn tæki það til skoðunar.

Margrét Ólafsdóttir spyr hvort kostnaður vegna keppniferða erlendis sé ekki varlega áætlaður. June svarar að ÍSS greiði eingöngu fyrir ferðir á NM og svo fyrir fararstjóra og þjálfara í hinum ferðunum og JGP.

June gerir að tillögu að ný stjórn taki ábendingar vegna fjárhagsáætlunarinnar til sín og athugi vel framhaldið.

Þingskjal 1 Fjárhagsáætlun lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

Laganefnd

Borghildur Fjóla segir að laganefnd leggi ekki til breytingar á þingskjölum 2-4. Hins vegar séu lagðar til tvær breytingar á þingskjali 5

Breytingatillaga að 7. grein

Fulltrúar á skautaþingi

Fulltrúar hvers íþróttabandalags eða héraðssambands fer eftir tölu virkra iðkenda skautaíþróttarinnar skv. skráningu ÍSÍ þannig:

- a) Fyrir fyrstu 50 iðkendum koma 2 fulltrúar.
- b) Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50.
- c) Stjórn hvers íþróttabandalags eða héraðssambands, sem hefur viðkomandi íþróttagrein innan sinna vébanda, skal að auki eiga rétt á einum fulltrúa

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

16. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur

-Þingforseti tekur fyrir;

Þingskjal nr. 2. Umræður engar og samþykkt einróma

Þingskjal nr. 3. Umræður engar og samþykkt einróma

Þingskjal nr. 4. Umræður engar og samþykkt einróma

Þingskjal nr. 5. Umræður: Erlendína er efins um hvort þetta leysi fólk undan áhyggjum um ósamræmi. June og Sigríður Jónsdóttir þingforseti árétta að ekki sé um annan lista að ræða. Það sé á ábyrgð félaganna að tölurnar séu réttar.

Tekið var tillit til að ekki væri nógu skýrt tekið fram um hvað væri tekið til grundvallar um iðkendafjölda.

Þingskjal nr. 5 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt einróma.

17. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar

-Þingforseti kemur með ábendingu til komandi stjórnar að setja skýr ákvæði um kjörnefnd inn í lög.

Kosið til formanns. Í framboði eru Rut Hermannsdóttir og Björgvin I. Ormarsson. Frambjóðendum er gefinn kostur á að kynna sig.

Gengið er til atkvæða og falla þau jöfn þar sem hvor frambjóðandi um sig fær 8 atkvæði. Þingforseti gerir fimm mínútna hlé til að kanna hvernig skuli tekið á málum.

-Þingforseti heldur fundi áfram og les upp úr bók um fundarsköp. Hún leggur til að gengið verði til atkvæða aftur og falli þau aftur jöfn verði varpað hlutkesti. Samþykkt.

2. umferð kosningar til formanns. Atkvæði falla aftur jöfn þar sem hvor um sig fær 8 atkvæði. Þingforseti vísar þá í bókina um fundarsköpin og leggur til hlutkesti nema fundurinn komist að annarri tillögu. Hlutkesti samþykkt.

Þingforseti varpar því hlutkesti. 100kr peningur er notaður. Björgvin I. Ormarsson velur hrognkelsið og Rut Hermannsdóttir fær skjaldarmerkið. Helgi Már er beðinn um að varpa hlutkestinu. Hrognkelsið kemur upp og Björgvin I. Ormarsson því formaður ÍSS til tveggja ára 2012-2014.

Gengið til kosningar nýrrar stjórnar.

Þingforseti spyr Rut hvort hún vilji gefa kost á sér til stjórnar sem hún svarar játandi. Sigríður Matthildur Gudjohnsen dregur framboð sitt til baka vegna fjölskyldutengsla við nýkjörinn formann.

Framboðslistinn er:

Bjarnveig Guðjónsdóttir
Elín Gautadóttir
Kristín Þöll Þórsdóttir
Rut Hermannsdóttir
Svanhvít Jakobsdóttir

Gengið til kosninga og falla atkvæði þannig:

Rut Hermannsdóttir 16 atkvæði
Svanhvít Jakobsdóttir 15 atkvæði
Bjarnveig Guðjónsdóttir 12 atkvæði
Kristín Þöll Þórsdóttir 11 atkvæði
Elín Gautadóttir 10 atkvæði

Rut, Svanhvít, Bjarnveig og Kristín eru því réttkjörnar í stjórn ÍSS til tveggja ára 2012-2014.

Kosning í varastjórn

Þingforseti býður Elínu Gautadóttur að gefa kost á sér til varastjórnar sem hún svarar játandi.

Framboðslistinn er:

Elín Gautadóttir

Guðbjörg Baldvina Karlsdóttir
Margrét Ólafsdóttir

Gengið er til kosninga og falla atkvæði þannig:
Elín Gautadóttir 14 atkvæði
Margrét Ólafsdóttir 11 atkvæði
Guðbjörg Baldvina Karlsdóttir 7 atkvæði

Elín og Margrét eru því réttkjörnar í varastjórn næstu tveggja ára 2012-2014

Kosningu stjórnar lokið

18. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Í framboði eru Auður Harðardóttir og Gísli Kr. Björnsson. Ekki er um önnur framboð að ræða og eru þau því sjálfkjörin.

19. Kosnir fulltrúar á Íþróttaping ÍSÍ.

Þar sem þingið er ekki haldið í ár er þessu ákvæði vísað til nýkjörinnar stjórnar. Samþykkt.

-Þingforseti gefur nýkjörnum formanni kost á að ávarpa þingið.

Björgvin tekur til máls og þakkar fyrir sig. Hann þakkar June og fráfarandi stjórn og þingforseta fyrir fundinn. Vonast eftir bjartri framtíð og skemmtilegum tíma.

June þakkar fyrir sig.

20. Þingslit

Þingforseti þakkar fyrir þingstörfín, óskar öllum góðrar heimferðar og slítur þingi.

Þóra Gunnarsdóttir
Þingritari